

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**
Sendandi: **Innviðaráðuneytið**
Dagsetning: **27.05.2022**
Málsnúmer: **IRN22010717**
Bréfalykill: **3.1**
Tilgangur: **Til ákvörðunar** **Til upplýsingar**
 Til undirritunar **Skv. beiðni ráðherra**

Efni: Frumvarp til laga um loftferðir - staðan á upptöku EASA reglugerðar

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til nýrra loftferðarlaga, sem nú er lagt fram í annað sinn, og minnisblaði sem umhverfis- og samgöngunefnd var sent 21. mars sl. er frumvarpinu ætlað að innleiða og undirbyggja lagastoð fyrir nýja grunngerð á sviði flugs, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (EASA reglugerðin). Frumvarpinu er jafnframt ætla að veita afleiddum gerðum lagastoð en u.þ.b. 40 reglugerðir verða innleiddar í kjölfar þess að EASA reglugerðin verður tekin upp í EES-samninginn, sbr. meðfylgjandi lista.

Mikilvægt er að undirstrika að verði frumvarp til nýrra loftferðarlaga ekki að lögum þá verður ekki unnt að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara á EASA reglugerðinni. Með öðrum orðum verður ekki mögulegt að innleiða hana í íslenskan rétt með fyrirséðum neikvæðum afleiðingum fyrir íslenskan flugiðnað.

Samkeppnishæfni íslensks flugrekstrar byggist á þeirri grunnforsendu að hann starfi eftir sömu löggjöf og önnur flugfélög í Evrópu. Líkt og vikið er að í umsögn Icelandair þá hefur það sýnt sig að „samræmdar reglur tryggja best flugöryggi sem og samkeppnishæfni íslenskra flugrekanda.“ Til að tryggja slíkt samræmi er mikilvægt að innleiðing reglugerða sem teknar eru upp í EES-samninginn gangi hratt og örugglega og án óþarfa tafa.

Undirbúningur fyrir upptöku EASA reglugerðarinnar í EES samninginn hefur staðið yfir undanfarin misseri. Meðal þess sem unnið hefur verið að er samkomulag um aðlögunartexta gerðarinnar við Evrópusambandið. Hefur sú vinna staðið yfir með hléum undanfarin tvö ár. Í mars sl. fékkst niðurstaða í þær viðræður og liggur fyrir að ESB hefur samþykkt tillögu EFTA-ríkjanna að aðlögunartexta sem svipar til fyrri aðlögunartexta við eldri gerðir um sama efni. Formlegt samþykktarferli er hafið innan ESB á aðlögunartextanum og liggur því fyrir að EASA reglugerðin mun verða tekin upp í EES-samninginn á haustmánuðum. Afar mikilvægt er fyrir íslenskan flugiðnað að á þeim tímapunkti hindri ekkert skjóta innleiðingu grunngerðarinnar og allra þeirra gerða sem henni fylgja.